

2. gr.

Matarleifar, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, skal geyma og flytja í lokuðum ilátum. Fara skal þriflega með allar matarleifar, ætlaðar til skepnufóðurs, og þær skal sjóða eigi skemur en ½ klukkustund við 100° C, eða tilsvarendi skemmri tíma, ef soðið er undir þrýstingi.

Þar sem suða fer fram, skal umgengni vera þrifaleg, veggir og gólf skulu vera úr slétri steinsteypu eða öðru þéttu efni, sem auðvelt er að þrifa og hreinsa. Frárennsli skal vera gott og nægilegt rennandi vatn til hreinsunar. Þess skal gætt, að skepnur og fuglar hafi eigi aðgang að ósoðnum matarleifum, og girða skal fyrir, að rottur og mýs geti komizt í þær.

Þrifa skal öll ilát og suðutæki reglulega, og sótthreinsa þau, ef þörf krefur.

3. gr.

Þeir, sem leyfi hafa fengið til þess að hirða matarleifar til skepnufóðurs, sbr. 1. gr., skulu hlíta fyrir mælum héraðsdýralæknis, eða fulltrúa hans, um allt varðandi suðu, þrifnað og hreinlæti í sambandi við meðferð matarleifa.

Ef hreinlæti og geymslu matarleifa er ábótavant eða suða ófullkomin, er héraðsdýralækni heimilt að setja þegar í stað bann við notkun matarleifa til skepnufóðurs á búinu um stundarsakir, þar til úr hefur verið bætt. Skal hann leita fulltingis löggæzlumanns, ef nauðsyn krefur.

Ef um ítrekað brot er að ræða, varðar það sektum. Jafnframt má svipta viðkomandi aðila að fullu rétti til þess að hirða matarleifar til skepnufóðurs.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. janúar 1964.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

BREYTING

**á samþykkt um stjórn bæjarmála Kópavogskaupstaðar,
nr. 158 20. september 1962.**

1. gr.

42. grein samþykktarinnar orðist svo:

Hafnarnefnd skipa 5 menn og 5 til vara. Tveir nefndarmanna skulu vera bæjarfulltrúar, en þrír utan bæjarstjórnar, sbr. hafnarreglugerð.

Hafnarnefnd annast stjórn og framkvæmdir hafnarmála, þar á meðal eftirlit með höfninni, samkvæmt fyrir mælum þeim, sem þar um gilda.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. janúar 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.